

Nafn samtakanna	
Heimilisfang	
Póstnúmer	Sveitarfélag
Netfang	

**Formaður stjórnar**

Nafn	Kennitala	Netfang
------	-----------	---------

**Meðstjórnendur**

Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang

**Varamenn**

Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang

**Framkvæmdastjóri**

Nafn	Kennitala	Netfang
------	-----------	---------

**Prókúruhafar**

Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang





**VIÐREISN**

# Skipurit Viðreisnar stjórn málaflokks

Janúar 2022





# Landsþing Viðreisnar

## Hlutverk: Landsþing hefur æðsta vald í öllum málefnum Viðreisnar

Úr samþykktum Viðreisnar:

**4.4.** Á landsþingi skulu eftirfarandi mál ætíð tekin fyrir:

**4.4.1.** Skýrsla formanns Viðreisnar.

**4.4.2.** Drög að ályktunum.

**4.4.3.** Skýrsla framkvæmdastjóra um rekstur flokksins.

**4.4.4.** Kosning formanns.

**4.4.5.** Kosning varaformanns.

**4.4.6.** Kosning fimm meðstjórnenda og tveggja varamanna.

**4.4.7.** Kosning þriggja fulltrúa í málefnaáæð.

**4.4.8.** Kosning um formenn málefnanefnda.

**4.4.9.** Kosning endurskoðanda.

**4.4.10.** Breytingar á samþykktum Viðreisnar.

**4.4.11.** Afgreiðsla stjórn málaályktunar.

\* Sjá ítarlegri skilgreiningu í 4. kafla samþykta Viðreisnar



# Formaður – varaformaður og stjórn Viðreisnar

**Formaður:** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir **Varaformaður:** Daði Már Kristófersson

**Stjórn Viðreisnar:** Aðalmenn: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Daði Már Kristófersson, Axel Sigurðsson, Benedikt Jóhannesson, Elín Anna Gísladóttir, Jasmina V. Crnac, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Oddný Arnarsdóttir, Katrin S. Júlíu Steingrímsdóttir. Varamenn: Karl Pétur Jónsson, Sonja S. Jónsdóttir. Áheyrnarfulltrúi: Hanna Katrín Friðriksson (þingflokksformaður)

\*allar kennitölur og nánari upplýsingar á grunneyðublaði um samtökin



# Hlutverk stjórnar

**5.2.** Stjórn fer með yfirstjórn flokksins í samræmi við samþykktir þessar og aðrar reglur flokksins. Hún ber ábyrgð á öllu innra starfi flokksins, hefur eftirlits- og úrskurðarvald um ákvarðanir á vegum hans, hefur umráð yfir eignum og gætir þess að settum reglum sé fylgt. Varaformaður sinnir sérstaklega uppbyggingu flokks- og málefnnastarfs.

**5.3.** Stjórn hefur úrskurðarvald milli landsþinga um allt málefnnastarf flokksins og ber að tryggja að öll starfsemi flokksins sé í samræmi við samþykktir hans, stefnuskrá og ályktanir landsþinga.

**5.4.** Stjórn semur skýrslu stjórnar um starf flokksins og leggur fyrir landsþing til umræðu. Hún fjallar árlega um reikninga flokksins, sem framkvæmdastjóri skal bera undir hana til samþykktar.

**5.6.** Stjórn ræður framkvæmdastjóra og veitir honum prókúru.

\*Sjá ítarlegri upplýsingar í 5. kafla samþykktarViðreisnar



# Framkvæmdastjórn

**Framkvæmdastjórn:** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Daði Már Kristófersson, Þorsteinn Víglundsson. Áheyrnarfulltrúi: Þórður Magnússon

## **Hlutverk framkvæmdastjórnar:**

Framkvæmdastjórn annast daglegan rekstur flokksins og fjárreiður með framkvæmdastjóra sbr. grein 5.7 í samþykktum flokksins.

\* kennitölur og nánari upplýsingar um ÞKG og DMK er að finna á grunneyðublaði um samtökin en kennitala Þorsteins er 2211695739 og Þórðar 1505494939





# Framkvæmdastjóri

**Framkvæmdastjóri og prókúruhafi:** Jenný Guðrún Jakobínudóttir Jónsdóttir – kennitala 2011733379

## **Hlutverk framkvæmdastjóra:**

- Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á skrifstofu Viðreisnar. (sbr. grein 5.6 í samþykktum) Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur skrifstofu Viðreisnar og annast félagatal í samræmi við reglur sem stjórn setur. Hann sér til þess að samþykktum Viðreisnar sé fylgt. Skrifstofan veitir félagsmönnum og frambjóðendum almennan stuðning og ráðgjöf.
- Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að skrifstofa Viðreisnar setji sér mannauðs- og jafnréttisstefnu. (sbr grein 3.16)
- Ár hvert skal framkvæmdastjóri í samráði við framkvæmdastjórn leggja fram á fundi stjórnar ársreikninga fyrir liðið starfsár og fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár til afgreiðslu. Stjórn staðfestir reikninga með áritun sinni. (sbr. grein 10.1 í samþykktum flokksins)



# Ráðgjafaráð Viðreisnar

## **Ráðgjafaráðið skipa:**

Í ráðgjafaráði eiga sæti stjórn Viðreisnar, varamenn stjórnar, þingflokkur, varaþingmenn, sveitastjórnarmenn og varamenn þeirra í sveitastjórnnum, stjórnir málefnanefnda, málefnaráð, stjórn Uppreisnar, stjórn öldungaráðs, stjórnir landshlutaráða, formenn félaga, laganefnd, framkvæmdastjóri flokksins og framkvæmdastjóri þingflokks. Aðrir starfsmenn flokksins hafa seturétt á ráðgjafaráðsfundum. Allir flokksfélagar sem gegnt hafa embætti formanns og varaformanns flokksins halda sæti sínu í ráðgjafaráði.

## **Hlutverk ráðgjafaráðs flokksins**

Ráðgjafarráði er ætlað að vera stjórn flokksins til ráðgjafar um málefni sem formaður sbr. ákvæði 6.5., eða fulltrúar ráðsins sbr. ákvæði 6.6. óska eftir að verði tekin til umfjöllunar í ráðinu. (sbr grein 6.1 í samþykktum flokksins)



# Stjórnir landshlutaráða Viðreisnar (5 talsins)

## Reykjavíkurráð

Stjórn Reykjavíkurráðs skipar: Samúel Torfi Pétursson formaður, David Erik Mollberg, Emelía Björt Írisardóttir, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Sigrún Helga Lund. Netfang ráðsins er [reykjavik@vidreisn.is](mailto:reykjavik@vidreisn.is)

## Suðurráð

Stjórn Suðurráðs skipar Arnar Páll Guðmundsson, formaður, Ingunn Guðmundsdóttir, Skúli Skúlason, Sigurður Steinar Ásgeirsson og Jasmina Vajzović Crnac. Netfang ráðsins er: [sudur@vidreisn.is](mailto:sudur@vidreisn.is)

## Norðausturráð

Stjórn Norðausturráðs skipar: Erlingur Arason formaður, Guðmundur Helgason, Jens Hilmarsson, Lovísa Oktavía Eyvindsdóttir og Rut Jónsdóttir. Netfang ráðsins er [nordastur@vidreisn.is](mailto:nordastur@vidreisn.is).

## Norðvesturráð

Stjórn Norðvesturráðs skipar: Ragnheiður Jónasdóttir formaður, Magnús Þór Jónsson gjaldkeri, Ingunn Rós Kristjánsdóttir, Hólmfríður Sveinsdóttir og Jóhannes Finnur Halldórsson. Netfang ráðsins er: [nordvestur@vidreisn.is](mailto:nordvestur@vidreisn.is)

## Suðvesturráð

Stjórn Suðvesturráðs skipar Konrad Hatlemark Olavsson formaður, Karl Pétur Jónsson, Karólína Helga Símonardóttir, Margrét Rósa Kristinsdóttir og Sigrún Jónsdóttir. Netfang ráðsins er [sudvestur@vidreisn.is](mailto:sudvestur@vidreisn.is)



# Hlutverk landshlutaráða

- Landshlutaráð skulu vera fimm: Reykjavíkurráð, Suðvesturráð, Norðvesturráð, Norðausturráð og Suðurráð. Þau taka hvert til eins kjördæmis nema Reykjavíkurráðið, sem nær til beggja Reykjavíkurkjördæma. Landshlutaráð eru skipuð öllum félögum í viðkomandi kjördæmi. (sbr grein 3.7 í samþykktum flokksins)
- Landshlutaráð halda uppi félagsstarfi og fjalla um málefni síns landshluta og önnur verkefni, s.s. umsjón framboðslista, sbr. grein 7.1. Stjórn landshlutaráðs boðar fundi ráðsins minnst árlega. Sérstaklega skal boða fundi í aðdraganda alþingiskosninga og sveitarstjórnarkosninga. (sbr grein 3.8 í samþykktum flokksins)
- Hvert landshlutaráð kýs sér stjórn sem skipuð er fjórum fulltrúum auk formanns. Stjórn Viðreisnar setur landshlutaráðunum og undirfélögum þeirra, skipulags- og starfsreglur. (sbr. grein 3.9)
- Landshlutaráð annast framboðslista Viðreisnar til Alþingis. (sbr. grein 7.1)
- Ákvörðun um hvaða aðferð er beitt við skipan framboðslista er í höndum landshlutaráðs. (sbr. grein 7.2)
- Verði uppstilling fyrir valinu skal landshlutaráð skipa uppstillingarnefnd sem starfar samkvæmt reglum sem stjórn Viðreisnar setur. Uppstillingarnefnd skal bera tillögu sína að framboðslista undir landshlutaráð til samþykktar eða synjunar. Sé tillögu uppstillingarnefndar synjað af landshlutaráði ber að endurtaka uppstillingu. (sbr grein 7.3)



# Reykjavíkurráð Viðreisnar

**Kennitala:** 4705180650

**Heimilisfang:** Ármúli 42, 108 Reykjavík

**Stjórnarformaður:** Samúel Torfi Pétursson – kennitala: 0507763289

**Aðrir í stjórn:** David Erik Mollberg, Emilía Björt Írisardóttir, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Sigrún Helga Lund

**Varamenn í stjórn:** Gunnar Björnsson, Stefán Andri Gunnarsson



# Viðreisn í Mosfellsbæ

**Kennitala:** 700418-1460

**Heimili:** Akurholt 17, 270 Mosfellsbær

**Stjórnarformaður:** Elín Anna Gísladóttir - kennitala: 3103882979



# Félag Viðreisnar í Hafnarfirði

**Kennitala:** 6510170680

**Heimilisfang:** Ármúla 42, 108 Reykjavík

**Stjórnarformaður:** Þórey Svanfríður Þórisdóttir – kennitala: 23106341289



# Félag Viðreisnarfólks á Seltjarnarnesi

**Kennitala:** 6003180980

**Heimilisfang:** Nesbala 78, 170 Seltjarnarnes

**Stjórnarformaður:** Páll Árni Jónsson – kennitala: 0510508199





# Viðreisn í Kópavogi

**Kennitala:** 6303181810

**Heimilisfang:** Ármúli 42, 108 Reykjavík

**Stjórnarformaður:** Auður Cella Sigrúnardóttir – kennitala: 0608784719



# Félag Viðreisnar í Garðabæ

**Kennitala:** 5302181980

**Heimili:** Ármúli 42, 108 Reykjavík

**Stjórnarformaður:** Guðlaugur Kristmundsson – kennitala: 1409813899



# Viðreisn Árnassýslu

**Kennitala:** 6704180650

**Stjórnarformaður:** Sigurður Steinar Ásgeirsson – Kennitala: 2406833189

**Heimilisfang:** Erlurimi 4, 800 Selfoss



# Félag Viðreisnar á Akureyri

**Kennitala:** 4502180810

**Heimili:** Mánahlíð 5, 630 Akureyri

**Stjórnarformaður:** Ari Erlingur Arason – kennitala: 2207612669



# Félag Viðreisnar í Reykjanesbæ

**Kennitala:** 5704190130

**Heimili:** Svölutjörn 33-35, 260 Reykjanesbæ

**Stjórnarformaður:** Arnar Páll Guðmundsson– kennitala: 2909873939



# Uppreisn, félagasamtök

**Kennitala:** 6709161030

**Heimili:** Ármúli 42, 108 Reykjavík

**Stjórnarformaður:** Katrín S. J. Steingrímisdóttir – Kennitala: 3007983499



# Uppreisn í Reykjavík

**Kennitala:** 5603180570

**Heimili:** Ármúli 42, 108 Reykjavík

**Stjórnarformaður:** Emilía Björt Írisardóttir – Kennitala: 1010972349



# Sveitarstjórnarráð Viðreisnar

**Skipan sveitarstjórnarráðs Viðreisnar:** Sveitarstjórnarráð er skipað öllum aðal- og varafulltrúum í sveitarstjórnnum sem eru flokksbundnir í Viðreisn.

Stjórn ráðsins skipa: Lovísa Jónsdóttir formaður, Einar Þorvarðarson, Jasmina Vajzović Crnac, Pawel Bartoszek

**Hlutverk sveitarstjórnarráðs:** Sveitarstjórnarráð er samstarfsvettvangur kjörinna fulltrúa Viðreisnar í sveitastjórnnum og er Viðreisn til ráðuneytis um sveitarstjórnarmál. Sveitarstjórnarráð fjallar um sameiginlega stefnumótun í málefnum sveitarfélaga í samræmi við stefnu Viðreisnar.





# Öldungaráð Viðreisnar

**Stjórn öldungaráðsins skipa:** Sverrir Kaaber formaður, Lilja Hilmarsdóttir varaformaður, Þórir Gunnarsson, Páll A. Jónsson og Ásgrímur Jónasson

**Hlutverk öldungaráðs:** Öldungaráð Viðreisnar skal sinna málefnum starfi eldra fólks og vera málsvari þeirra í innra starfi flokksins.



# ReisVið

**Stjórn ReisVið:** Guðlaugur Kristmundsson formaður, María Rut Kristinsdóttir og Kjartan Þór Ingason

**Hlutverk ReisVið:** ReisVið er hinsegin félag Viðreisnar og hefur það hlutverk að vaka yfir réttindum hinsegin fólks héraendis og erlendis.



# Málefningaráð

## **Skipan málefningaráðs:**

Málefningaráð er skipað formönnum málefnanefnda, þremur fulltrúum kjörnum á Landsþingi og varaformanni flokksins, sem skal vera formaður málefningaráðs. (sbr grein 3.4 í samþykktum flokksins)

**Hlutverk málefningaráðs:** Málefningaráð sér um samræmingu og verkaskiptingu milli málefnanefnda og hefur yfirumsjón með málefnavinnu flokksins. (sbr grein 3.4 í samþykktum flokksins)



# Skipan málefnaráðs

**Formaður málefnaráðs:** Daði Már Kristófersson, varaformaður Viðreisnar

**Formaður umhverfis- og auðlindanefndar:** Rafn Helgason

**Formaður mennta- og menningamálanefndar:** Hildur B. Kristjánsdóttir

**Formaður efnahagsnefndar:** Gunnar Karl Guðmundsson

**Formaður jafnréttisnefndar:** Oddný Arnarsdóttir

**Formaður heilbrigðis- og velferðarnefndar:** Ólafur G. Skúlason

**Formaður atvinnuveganefndar:** Jarþrúður Ásmundsdóttir

**Formaður innanríkisnefndar:** Geir Finnsson

**Formaður utanríkisnefndar:** Eyrún Þórisdóttir

Góðan dag, ég undirrituð staðfesti hér með móttöku á athugasemdum sem gerðar voru við samþykktir Viðreisnar í tengslum við skráningu í nýja stjórnmalaskrá.

Við setjum þessar úrbætur í ferli í aðdraganda næsta landsþings flokksins sem áætlað er að fari fram undir lok septembermánaðar þessa árs. Landsþing eitt getur samþykkt breytingar á samþykktum og tryggjum við þá að þessar breytingar verði á meðal þess sem borið verður upp til samþykktar.

Þær úrbætur sem um ræðir eru:

*Vegna umsóknar um breytingu á félagaformi ofangreinds félags.*

*Í 2.gr. h. laga nr. 162/2006 er fjallað um hvað skuli að lágmarki kveða á um í samþykktum stjórnmalasamtaka til þess að þau geti hlotið skráningu í stjórnmalasamtakaskrá. Á næsta landsþingi þarf að huga að því að bæta eftirfarandi inn í samþykktir félags, sjá eftirfarandi töluliði 2.gr. h. og athugasemd við þá:*

1. Töluliður. Heimilisfang og aðalstarfstöð vantar í samþykktir félags.
7. Töluliður. Ákvæði um kjör endurskoðenda eða endurskoðunarfélags vantar í samþykktir félags.
10. Töluliður – Ákvæði um hvað verði um eignir við möguleg slit vantar í samþykktir félags.

Jenný Guðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Viðreisnar

# Samþykktir Viðreisnar

## – STARF, STARFSHÆTTIR OG STEFNUMÓTUN

*Samþykktar á landsþingi Viðreisnar 28. ágúst 2021*

### 1 Heiti og markmið

1.1. Heiti stjórnáttakanna (flokksins) er Viðreisn. Samtökin starfa á landinu öllu en heimili og varnarþing er í Reykjavík.

1.2. Markmið Viðreisnar er að berjast fyrir réttlátu samfélagi, jafnrétti, stöðugu efnahagslífi, viðskiptafrelsi og þátttöku Íslands í vestrænni samvinnu, með frjálsslyndi að leiðarljósi.

1.3. Tilgangi sínum nær Viðreisn með því að bjóða fram til Alþingis og sveitastjórna í öllum kjördæmum og hafa þannig áhrif á gerð samfélagsins.

1.4. Viðreisn gætir fyllsta jafnréttis kynjanna og jafnræðis innan sem utan flokksstarfs.

1.5 Viðreisn skal setja sér almenn viðmið um leiðir, gildi og leikreglur í flokksstarfi.

### 2 Félagar

**2.1.** Félagar geta allir orðið sem styðja grunnstefnu flokksins, sbr. grein 1.2., og eru ekki félagar í öðrum stjórn mála flokkum á Íslandi. Fullgildir félagar Viðreisnar þurfa að hafa náð 16 ára aldri.

**2.2.** Inntökubeiðnir og úrsagnir skulu tilkynntar skriflega eða með rafrænum hætti af viðkomandi til skrifstofu Viðreisnar.

**2.3.** Aðeins fullgildir félagar eiga atkvæðisrétt um málefni flokksins.

**2.4.** Allir sem taka sæti á framboðslista fyrir Viðreisn eða veljast til trúnaðarstarfa verða að eiga fullgilda aðild að floknum og hafa náð lögræðisaldri. Taki félagi sæti á framboðslista annars framboðs eða gangi opinberlega til liðs við annan stjórn mála flokk/-samtök telst það jafnframt vera úrsögn úr Viðreisn.

**2.5** Félagar í Viðreisn gæta ávallt virðingar og jafnræðis í orðum og athöfnum í flokksstörfum, í samræmi við orðfæri Viðreisnar.

## **3 Skipulag**

**3.1.** Félagar eiga beina og milliliðalaus félagsaðild að Viðreisn.

**3.2.** Viðreisn starfrækir málefnanefndir, sem hafa það hlutverk að leiða stefnumótun og afmörkun einstakra mála og mála flokka á landsvísu, og landshlutaráð, sem halda utan um félagsstarf flokksins, hvert í sínu kjördæmi.

**3.3.** Ályktanir skulu unnar af málefnanefndum fyrir landsþing eftir yfirferð í málefna ráði sem skal lögð til grundvallar ákvörðunum um stefnu Viðreisnar á einstökum sviðum.

**3.4.** Málefningaráð er skipað formönnum málefnanefnda, þremur fulltrúum kjörnum á Landsþingi og varaformanni flokksins, sem skal vera formaður málefningaráðs. Málefningaráð sér um samræmingu og verkaskiptingu milli málefnanefnda og hefur yfirumsjón með málefnavinnu flokksins. Málefningaráð kýs sér varaformann og ritara. Til að efla upplýsingastreymi og skoðanaskipti milli flokksmanna og kjörinna fulltrúa skulu fulltrúar Viðreisnar á Alþingi og í sveitarstjórnnum hitta málefningaráð reglulega og kynna þau mál, sem þeir hafa eða áforma að leggja fram.

**3.5.** Þátttaka í starfi málefnanefnda er opin öllum félögum í Viðreisn. Landsþing kýs þriggja manna stjórn til þess að stýra og bera ábyrgð á störfum hvernar málefnanefndar. Stjórn hvernar nefndar ákveður tímasetningu og dagskrá funda í samráði við málefningaráð og kynnir með áberandi hætti fyrir félögum. Stjórn málefningaráðs setur málefnanefndum starfsreglur og skipar nýjan formann ef breyting verður milli landsþinga.

**3.6.** Stjórn Viðreisnar skal eiga að minnsta kosti tvo fundi á ári með málefningaráði, að jafnaði í janúar og ágúst. Sérstaklega skal boða slíka fundi í aðdraganda alþingiskosninga og sveitarstjórnarkosninga. Boða skal til slíkra funda með minnst viku fyrirvara að jafnaði.

**3.7.** Landshlutaráð skulu vera fimm: Reykjavíkurráð, Suðvesturráð, Norðvesturráð, Norðausturráð og Suðurráð. Þau taka hvert til eins kjördæmis nema Reykjavíkurráðið, sem nær til beggja Reykjavíkurborgkjördæma. Landshlutaráð eru skipuð öllum félögum í viðkomandi kjördæmi.

**3.8.** Landshlutaráð halda uppi félagsstarfi og fjalla um málefni síns landshluta og önnur verkefni, s.s. umsjón framboðslista, sbr. grein 7.1. Stjórn landshlutaráðs boðar fundi ráðsins minnst árlega. Sérstaklega skal boða fundi í aðdraganda alþingiskosninga og sveitarstjórnarkosninga.



**3.9.** Hvert landshlutaráð kýs sér stjórn sem skipuð er fjórum fulltrúum auk formanns. Stjórn Viðreisnar setur landshlutaráðunum og undirfélögum þeirra, skipulags- og starfsreglur.

**3.10.** Heimilt er að stofna og starfrækja félög innan landshlutaráða og skal þá hvert félag taka til minnst eins sveitarfélags. Aðeins eitt félag sömu tegundar getur starfað innan hvers sveitarfélags.

**3.11.** Félagar í Viðreisn eru skráðir í það aðildarfélag Viðreisnar sem lögheimili þeirra segir til um. Félagar sem eiga heimilisfesti utan lögheimilis tilkynna skrifstofu Viðreisnar hvaða aðildarfélagi þeir kjósa að tilheyra.

**3.12.** Heimilt er með samþykki stjórnar að stofna sérfélög sem starfa á landsvísu. Hlutverk slíkra sérfélaga er að skapa umræðuvettvang um tiltekin áhugasvið og viðfangsefni. Aðeins eitt sérfélag hverrar tegundar getur starfað á landsvísu.

**3.13.** Uppreisn, ungliðahreyfing Viðreisnar á landsvísu, skal sinna málefnavarfi ungs fólks og vera málsvari þeirra í innra starfi flokksins. Um Uppreisn gilda að öðru leyti ákvæði greinar 3.15.

**3.14.** Öldungaráð Viðreisnar skal sinna málefnavarfi eldra fólks og vera málsvari þeirra í innra starfi flokksins. Um Öldungaráðið gilda að öðru leyti ákvæði greinar 3.15.

**3.15.** Sérfélög skulu setja sér starfsreglur, halda árlega aðalfund og hafa að minnsta kosti þrjá stjórnarmenn. Þau skulu árlega senda skrifstofu Viðreisnar upplýsingar um stjórn og stutt yfirlit um starfsemi sína. Sérfélög ráða fjárhag sínum og málefnum sjálf, í samræmi við starfshætti og stefnu Viðreisnar.

**3.16.** Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur skrifstofu Viðreisnar og annast félagatal í samræmi við reglur sem stjórn setur. Hann sér til þess að samþykktum Viðreisnar sé fylgt. Skrifstofan veitir félagsmönnum og frambjóðendum almennan stuðning og ráðgjöf. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að skrifstofa Viðreisnar setji sér mannauðs- og jafnréttisstefnu.

**3.17.** Stjórn Viðreisnar skipar þrjá í Laganefnd eftir hvert landsþing, formann og tvo nefndarmenn. Þeir sem setu eiga í Laganefnd geta ekki sinnt öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Laganefnd leysir úr ágreiningi sem kann að koma upp um túlkun samþykka á vegum flokksins og veitir ráðgjöf um önnur lögfræðileg álitamál.

**3.18** Stjórn Viðreisnar skipar tveggja manna trúnaðarráð, ekki samkynja, eftir hvert landsþing. Trúnaðarráð tekur við kvörtunum og ábendingum vegna bresta í samskiptum innan flokksins, s.s. mismunun, áreitni eða einelti, og kemur málum í farveg úrlausnar. Trúnaðarráð er óháð í sínum störfum og getur leitað aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga. Trúnaðarráð setur starfsreglur fyrir trúnaðarráðið.

## **4 Landsþing**

**4.1.** Landsþing hefur æðsta vald í öllum málefnum Viðreisnar.

**4.2.** Landsþing skal halda annað hvert ár. Stjórn undirbýr landsþing, ákveður stað, tíma og dagskrá þingsins.

**4.3.** Stjórn skal boða til landsþings með tölvupósti til skráðra félaga og á vefsvæði flokksins með að minnsta kosti þriggja vikna fyrirvara.

**4.4.** Á landsþingi skulu eftirfarandi mál ætíð tekin fyrir:

- 4.4.1. Skýrsla formanns Viðreisnar.
- 4.4.2. Drög að ályktunum.
- 4.4.3. Skýrsla framkvæmdastjóra um rekstur flokksins.
- 4.4.4. Kosning formanns.
- 4.4.5. Kosning varaformanns.
- 4.4.6. Kosning fimm meðstjórnenda og tveggja varamanna.
- 4.4.7. Kosning þriggja fulltrúa í málefnaráð.
- 4.4.8. Kosning um formenn málefnanefnda.
- 4.4.9. Kosning endurskoðanda.
- 4.4.10. Breytingar á samþykktum Viðreisnar.
- 4.4.11. Afgreiðsla stjórn málaályktunar.

4.5. Framkvæmd kosninga annast þriggja manna kjörstjórn sem skipuð er af stjórn eigi síðar en viku fyrir landsþing. Fundargögn, þ.á m. drög málefnanefnda að ályktunum, skulu liggja fyrir minnst viku fyrir landsþing. Allir sem eiga aðild að Viðreisn geta lagt fram tillögur að ályktunum fyrir landsþingið.

4.6. Einfaldur meirihluti ræður öllum málum nema breytingum á samþykktum og falli atkvæði jafnt nær mál ekki fram. Um breytingar á samþykktum fer samkvæmt 11. kafla.

4.7. Kjörgengir á landsþingi eru fullgildir félagar. Þeir hafa þar tillögu- og atkvæðisrétt hafi þeir verið skráðir í flokkinn minnst viku fyrir landsþing og skráð sig til setu á landsþingi með fullnægjandi hætti. Stjórn er heimilt að innheimta þóknun fyrir fundar- og kjörgögn á landsþingi.

4.8. Framboðsfrestur til formanns Viðreisnar, stjórnar Viðreisnar, stjórnar málefnanefnda og fulltrúa í málefnaráð er til kl. 12:00, tveimur dögum fyrir upphaf landsþings. Framboðsfrestur í embætti varaformanns rennur út klukkustund eftir að tilkynnt er um úrslit í formannskjöri.

**4.9.** Kosning til formanns, varaformanns, stjórnar og annarra embætta skal vera skrifleg og leynileg. Kjörstjórn ber ábyrgð á því að útbúa kjörgögn. Kjörstjórn ber ábyrgð á talningu atkvæða fyrir luktum dyrum.

**4.10.** Formaður Viðreisnar skal kosinn með að minnsta kosti helmingi greiddra atkvæða. Nái enginn frambjóðandi meirihluta atkvæða skal kosið aftur á milli tveggja efstu.

**4.11.** Falli atkvæði jöfn í kosningum til stjórnar og annarra embætta skal líta til kynjahlutfalla við ákvörðun um hver hljóti kjör. Falli atkvæði jöfn milli frambjóðenda af sama kyni skal hlutkesti ráða því hver hlýtur kjör.

**4.12.** Stjórn Viðreisnar getur boðað til aukalandsþings þegar nauðsyn krefur. Heimilt er að hafa öll sömu mál á dagskrá og á hefðbundnu landsþingi, en ekki skylt. Boða skal aukalandsþing með minnst tveggja vikna fyrirvara.

**4.13.** Þau ár sem landsþing er ekki haldið skal halda stöðuping. Á dagskrá þess skal vera: Skýrsla formanns, afgreiðsla stjórn málaályktunar og önnur mál sem stjórn setur á dagskrá. Á stöðupingi skal jafnframt kosið til embætta, hafi þau losnað frá síðasta landsþingi.

## **5 Stjórn og framkvæmdastjórn**

**5.1.** Stjórn Viðreisnar skal skipuð formanni, varaformanni, fulltrúa úr stjórn Uppreisnar, fulltrúa úr stjórn málefna ráðs og fimm meðstjórnendum sem kjörnir eru á landsþingi. Tveir varamenn skulu einnig kosnir.

Meðstjórnendur skulu ekki vera alþingismenn. Formaður og varaformaður skulu ekki vera af sama kyni. Meðstjórnendur skulu ekki vera fleiri en þrjú af

sama kyni og varamenn skulu ekki vera af sama kyni. Fulltrúi úr stjórn málefna ráðs skal ekki vera af sama kyni og meirihluti meðstjórnenda.

**5.2.** Stjórn fer með yfirstjórn flokksins í samræmi við samþykktir þessar og aðrar reglur flokksins. Hún ber ábyrgð á öllu innra starfi flokksins, hefur eftirlits- og úrskurðarvald um ákvarðanir á vegum hans, hefur umráð yfir eignum og gætir þess að settum reglum sé fylgt. Varaformaður sinnir sérstaklega uppbyggingu flokks- og málefnastarfs.

**5.3.** Stjórn hefur úrskurðarvald milli landsþinga um allt málefnastarf flokksins og ber að tryggja að öll starfsemi flokksins sé í samræmi við samþykktir hans, stefnuskrá og ályktanir landsþinga.

**5.4.** Stjórn semur skýrslu stjórnar um starf flokksins og leggur fyrir landsþing til umræðu. Hún fjallar árlega um reikninga flokksins, sem framkvæmdastjóri skal bera undir hana til samþykktar.

**5.5.** Formaður boðar fundi í stjórn eins oft og þurfa þykir. Formaður boðar til funda ef einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri óska þess. Fundarboðun skal vera með tölvupósti og að jafnaði með a.m.k. viku fyrirvara nema aðstæður kalli á skemmri frest. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnarinnar. Formaður þingflokks Viðreisnar hefur seturétt á stjórnarfundum.

**5.6.** Stjórn ræður framkvæmdastjóra og veitir honum prókúru. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á skrifstofu Viðreisnar.

**5.7.** Stjórn kýs sérstaka þriggja manna framkvæmdastjórn til að annast daglegan rekstur flokksins og fjárreiður með framkvæmdastjóra. Stjórn skal vera upplýst um ráðstafanir framkvæmdastjórnar komi fram ósk um það.

5.8. Fundir stjórnar eru löglegir þegar meirihluti stjórnar er mættur.

## 6 Ráðgjafaráð

6.1. Ráðgjafarráði er ætlað að vera stjórn flokksins til ráðgjafar um málefni sem formaður sbr. ákvæði 6.5., eða fulltrúar ráðsins sbr. ákvæði 6.6. óska eftir að verði tekin til umfjöllunar í ráðinu.

6.2. Í ráðgjafaráði eiga sæti stjórn Viðreisnar, varamenn stjórnar, þingflokkur, varapingmenn, sveitastjórnarmenn og varamenn þeirra í sveitastjórnnum, stjórnir málefnanefnda, málefnaráð, stjórn Uppreisnar, stjórn öldungaráðs, stjórnir landshlutaráða, formenn félaga, laganefnd, framkvæmdastjóri flokksins og framkvæmdastjóri þingsflokks. Aðrir starfsmenn flokksins hafa seturétt á ráðgjafaráðsfundum. Allir flokksfélagar sem gegnt hafa embætti formanns og varaformanns flokksins halda sæti sínu í ráðgjafaráði.

6.3. Formaður Viðreisnar er jafnframt formaður ráðgjafaráðs. Hann boðar til fundar að jafnaði með viku fyrirvara.

6.4. Tillögur sem leggja skal fyrir ráðgjafaráð skal skila til stjórnar Viðreisnar fimm dögum fyrir fund, verði því við komið.

6.5. Ráðgjafaráðsfundi skal halda þegar formaður ákveður eða þegar ósk kemur fram samkvæmt ákvæði 6.6.

6.6. Óski fimm eða fleiri fulltrúar í ráðgjafaráði eftir fundi skal hann boðaður svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan þriggja vikna frá því að skrifleg beiðni þar um er send formanni ráðgjafaráðs.

## 7 Framboð

7.1. Landshlutaráð annast framboðslista Viðreisnar til Alþingis.

7.2. Ákvörðun um hvaða aðferð er beitt við skipan framboðslista er í höndum landshlutaráðs.

7.3. Verði uppstilling fyrir valinu skal landshlutaráð skipa uppstillingarnefnd sem starfar samkvæmt reglum sem stjórn Viðreisnar setur.

Uppstillingarnefnd skal bera tillögu sína að framboðslista undir landshlutaráð til samþykktar eða synjunar. Sé tillögu uppstillingarnefndar synjað af landshlutaráði ber að endurtaka uppstillingu.

7.4. Ef uppstillingu er ekki beitt skv. grein 7.3. til 7.4, skal fara að þeim reglum sem stjórn Viðreisnar setur um þá aðferð við val á lista. Um samþykki slíkra lista fer með sama hætti og skv. grein 7.3.

7.5. Sérfélög innan landshlutaráðs í hverju sveitarfélagi skulu annast framboð Viðreisnar til sveitarstjórnar. Sambærilegur háttur skal hafður við val á frambjóðendum til sveitarstjórna og til Alþingis, sbr. greinar 7.1 til 7.4.

7.6. Reglur stjórnar Viðreisnar um uppstillingarnefndir skulu að jafnaði liggja fyrir þremur mánuðum fyrir reglulegar kosningar.

7.7. Staðfesting stjórnar Viðreisnar á framboðslista í heild þarf að liggja fyrir áður en hann er borinn fram í nafni flokksins.

## 8 Þingflokkur

8.1. Þingmenn Viðreisnar mynda þingflokkinn. Þingflokkurinn kýs sér stjórn, skipuleggur störf sín og mótar afstöðu til mála á Alþingi á grundvelli stefnu flokksins og samþykktu landsþings.

**8.2.** Formaður, varaformaður, fulltrúi ungliðahreyfingar úr stjórn, framkvæmdastjóri þingflokks auk framkvæmdastjóra Viðreisnar eiga seturétt á þingflokksfundum.

**8.3.** Meiriháttar ákvarðanir um samstarf við aðra flokka, myndun eða slit ríkisstjórnar tekur þingflokkurinn í samráði við ráðgjafaráð Viðreisnar.

## **9 Sveitastjórnarráð**

**9.1.** Sveitarstjórnarráð er samstarfsvettvangur fulltrúa Viðreisnar í sveitastjórnnum og er Viðreisn til ráðuneytis um sveitarstjórnarmál. Sveitarstjórnarráð fjallar um sameiginlega stefnumótun í málefnum sveitarfélaga í samræmi við stefnu Viðreisnar.

**9.2.** Sveitarstjórnarráð er skipað öllum aðal- og varafulltrúum í sveitarstjórnnum auk þeirra sem eiga sæti í nefndum sveitastjórna sem eru flokksbundnir í Viðreisn, framkvæmdastjóri flokksins, og starfsmaður Sveitarstjórnarráðs.

**9.3.** Sveitarstjórnarráð kys sér stjórn á 2ja ára fresti, mótar starfsreglur og skipuleggur störf sín.

## **10 Fjárreiður**

**10.1.** Reikningsár Viðreisnar er almanaksárið. Ár hvert skal framkvæmdastjóri í samráði við framkvæmdastjórn leggja fram á fundi stjórnar ársreikninga fyrir liðið starfsár og fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár til afgreiðslu. Stjórn staðfestir reikninga með áritun sinni.

**10.2.** Stjórnin skipar fjármálaráð að loknum hverjum Alþingiskosningum og setur því starfsreglur. Hlutverk þess er að afla flokknum fjár og koma upp stuðningsmannakerfi. Ráðið gerir stjórninni grein fyrir störfum sínum árlega.



**10.3.** Tekjur Viðreisnar eru styrkir og framlög frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum, en þó aðeins ef þeim fylgja ekki sérstakar kvaðir um ráðstöfun eða nýtingu. Til viðbótar koma opinber framlög til stjórnáttasamtaka.

**10.4.** Öllum hagnaði af starfsemi skal varið til að sinna markmiði og tilgangi samtakanna, sbr. greinar 1.2. og 1.3.

**10.5.** Meðferð fjármuna og reikningsskil skulu vera í samræmi við lög um fjármál stjórnáttasamtaka og frambjóðenda sem og aðrar reglur um fjárreiður stjórnáttasamtaka og landslög.

## **11 Túlkun samþykkta og breytingar á þeim**

**11.1.** Samþykktum þessum má aðeins breyta á landsþingi og telst breyting samþykkt ef hún hlýtur 2/3 greiddra atkvæða.

**11.2.** Tillögur til breytinga skulu sendar stjórn minnst mánuði fyrir boðað landsþing. Að öðru leyti fer um kynningu og birtingu með sama hætti og um önnur mál, sbr. grein 4.5.

## **12 Önnur ákvæði**

**12.1.** Ákvörðun um að leggja Viðreisn niður skal tekin af tveimur landsþingum í röð og samþykkt af 2/3 hluta fundarmanna á báðum. Um ráðstöfun eigna verður farið samkvæmt samþykkt seinni fundar.

**12.2.** Almenn fundarsköp gilda á fundum Viðreisnar.



**Fyrirtækjaskrá**  
**Hlutafélagaskrá - Samvinnufélagaskrá - Sjálfseignarstofnanaskrá - Firmaskrá**  
Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík

**Viðreisn - stjórnmalasamtök**

**Póstfang:** Ármúla 42  
108 Reykjavík

**Kt: 440816-0530**

**Lögheimili:** Ármúla 42  
108 Reykjavík

**Útgefið:** 15.3.2022

**Ísat flokkun:**

**94.92.0** Starfsemi stjórnmalasamtaka

**Rekstrarform:** Stjórnmalasamtök

**Stjórn:**

041065-3039	Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Mávahrauni 7, 220 Hafnarfjörður, <i>stjórnarformaður</i>
040555-2699	Benedikt Jóhannesson, Selvogsgrunni 27, 104 Reykjavík, <i>meðstjóri</i>
300798-3499	Katrín S. J. Steingrimsdóttir, Snorrabraut 30, 105 Reykjavík, <i>meðstjóri</i>
221071-4259	Daði Már Kristófersson, Laxakvísl 25, 110 Reykjavík, <i>meðstjóri</i>
010580-3829	Oddný Amarsdóttir, Drápuhlíð 19, 105 Reykjavík, <i>meðstjóri</i>
260890-2719	Axel Sigurðsson, Löngumýri 52, 800 Selfoss, <i>meðstjóri</i>
071265-5289	Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Glæsibæ 17, 110 Reykjavík, <i>meðstjóri</i>
310388-2979	Elín Anna Gísladóttir, Ástu-Sólliljugötu 20, 270 Mosfellsbær, <i>meðstjóri</i>
100381-2069	Jasmina Vajzovic Cmac, Ásgarði 2, 230 Reykjanesbær, <i>meðstjóri</i>
300869-3279	Karl Pétur Jónsson, Barðaströnd 5, 170 Seltjarnarnes, <i>varamaður</i>
240994-3219	Sonja Sigríður Jónsdóttir, Skriðuseli 7, 109 Reykjavík, <i>varamaður</i>

**Prókúruumboð:**

201173-3379 Jenný Guðrún Jakobinudóttir, Dyngjugötu 3, 210 Garðabær

**Tilgangur:** Tilgangur samtakanna er að berjast fyrir réttlátu samfélagi, jafnrétti, stöðugu efnahagslífi, viðskiptafrelsi og þátttöku Íslands í vestrænni samvinnu með frjálslyndi að leiðarljósi.